



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar Blaðljósmyndarafélags Íslands
Mynd ársins 2003
28. febrúar 2004**

Ágætu ljósmyndarar
Góðir sýningargestir

Augnablikið verður saga. Það er þversögnin sem fært hefur ljósmyndirnar í brennidepil, skerpt skilning okkar á samtíð og þróun, sjálfsvitund og sessi okkar í veröldinni.

Hefðin var sú að sagan væri viðamikil lýsing á löngu skeiði, að textinn væri líkt og virkisveggur hlaðinn úr þúsundum steina; einum af öðrum, sem allir saman mynduðu samfellda heild – og lesturinn, hinn langi lestur, helst á síðkvöldum, ár af ári, gæfi okkur smátt og smátt skilning á því hvað hefði gerst. Heimilisfólk í lágum torfbæ hlýðandi á húslestur í rökkriinu var sú kvöldvaka íslenskra alda sem kynslóðirnar fengu í arf.

En svo kom myndin, fyrst hógvær og hikandi, virðuleg í viðhafnarumgjörð, hátíðarbragur á fólki og fyrirmönnum, allir í sparifötunum, eins konar eftirlíking málverkanna sem aðall og konungsættir höfðu fyrrum látið gera sér sjálfum til dýrðar.

Og textinn var umburðarlyndur, lét gott heita, hélt að sér væri ekki ógnað; myndin yrði kyrrlát viðbót; dálítið skraut; meira til gamans og yndisauka.

Þannig var það lengi vel á liðinni öld, en fyrir nokkrum áratugum hófst byltingin mikla, myndvæðing frásagnanna, sem breytti öllum stíl, miðlun og túlkun, ruddist á forsíður með hamagangi og hélt svo innreið sína í blaðið allt uns nú er svo komið að við hrökkvum við ef við sjáum myndlausa síðu í blaði dagsins.

Og byltingin heldur áfram, tvíefld á ári hverju. Samspil síma og myndavélar á tímum tölvutækni hefur gert heiminn allan að vettvangi myndasmiðsins. Á örskotsstund geta miðlar í öllum álfum fengið aðgang að ljósmyndinni sem tekin var fyrir andartaki.

Það er í rauninni erfitt að skilja til hlítar áhrifin sem þessi þáttaskil hafa á fjölmiðlun af öllu tagi, á eðli og framtíð stórblaðanna, hvernig myndvæðingin gjörbreytir vinnubrögðum, umfjöllun, efnistöku, framsetningu, umræðum og áherslum, hvernig hún er orðin umfangsmikið áhrifaafli í lýðræðispróun okkar tíma.

Ég veit að á flestum blöðum ríkir enn sá gamli andi að ritstjórn og textastýring, fréttaskrif og fyrirsagnir séu kjarninn í hinni daglegu önn og lykillinn að áhrifamætti – og vissulega eru þessir þættir mikilvægir eigi árangur að nást. En myndadeildin – sem áður var til hlés, oft í kjallaranum eða lítilli kompu, viðhengi sem einungis kom við sögu á lokastigi – hefur nú tekið sér stöðu á miðju sviði, er í reynd orðin hreyfiaflið í ásýnd blaðsins, sá efnisþáttur sem fyrst og fremst túlkar þann karakter og kjarna sem blaðið birtir.

Þessi þróun sést vel þegar forsíður Morgunblaðsins um þessar mundir eru bornar saman við fyrri ár eða dæmi tekin á tveggja ára fresti áratugi aftur í tímann. Það liggur við að rökrétt sé að spyrja hvenær ljósmyndari verður næsti ritstjóri blaðsins svo afgerandi hefur breytingin orðið; ekki bara hér heldur líka um alla veröld.

Þessi þróun færir blaðaljósmyndurum vissulega mikla gleði og tækifæri til að sýna getu sína, en henni fylgir líka ábyrgð, ábyrgð sem fólgin er í því að vera orðinn áhrifaríkur túlkandi á stefnum og straumum, tilfinningum, lífsviðhorfum, vonum og draumum í fjölþættu samfélagi okkar tíma, eins konar dómari á leikvelli lýðræðisins þar sem völd og örlög geta ráðist á örskotsstundu.

Sýningarnar sem Blaðaljósmyndarafélag Íslands hefur efnt til, nú senn í áratug, eru bæði aldarspegill og ábending um hvernig stéttin skilur stöðu sína. Ég er viss um að séu sýningarnar skoðaðar í samhengi þá skapa þær fróðlegan vettvang fyrir umræður um hlutverk og stöðu ljósmyndaranna um leið og þær sýna okkur röð augnablika sem eru táknræn fyrir okkar eigin reynslu, bæði hér heima og á erlendum grundum.

Það er líka vel til fundið að efna hér um leið til sýningar á verkum Magnúsar Ólafssonar, myndum sem birta okkur fámennan og fátæklegan bæ sem í árdaga síðustu aldar glímdi við að verða borg, myndum sem minna okkur á veröld sem var, en vekja einnig hugleiðingar um að eftir eina öld eða svo kunnir afkomendurnir, nýjar kynslóðir að horfa á okkur

með sömu forvitnu augum og við skoðum hér í Gerðarsafni hinar gömlu myndir Magnúsar Ólafssonar. Verk hans ættu að vera ungri kynslóð ljósmyndara hvatning til að reyna að túlka kjarnann í samtímanum og skila honum á skýran hátt til kynslóðanna sem eftir koma.

Það er mikill efniviður til umhugsunar og umræðna í því fólgin að birta saman myndir ársins 2003 og verk Magnúsar fyrir hundrað árum, þá Reykjavík sem hann sá í hnotskurn, augnablikin sem hann gerði að margþættri sögu, símfóníu mannlífs og borgar, óði til Reykjavíkur sem lifir í einsstæðum myndum.

Að gera augnablikið að þjóðarsögu er hin daglega ögrun sem felst í starfi blaðaljósmyndaranna og við sjáum hér í kvöld að enn á ný hefur vel til tekist.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með sýninguna og tilkynni að hún er hér með opnuð.